

Fimmtudaginn 19. mars 1998.

Nr. 122/1997. **Independent Aviation Group Ltd.**

(Árni Vilhjálmsson hrl.)

gegn

Gísla Erni Lárussyni

(Björgvin Þorsteinsson hrl.)

og gagnsök

Hlutafélög. Ábyrgð framkvæmdastjóra.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Pétur Kr. Hafstein, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason og Hrafn Bragason.

Aðaláfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 17. mars 1997. Hann krefst greiðslu 103.009 enskra punda með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 31. október 1995 til greiðsludags. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Málinu var gagnáfrýjað með stefnu 11. júní 1997. Gagnáfrýjandi krefst staðfestingar héraðsdóms að öðru leyti en um málskostnað. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Aðaláfrýjandi höfðaði mál þetta í héraði einnig á hendur Arctic-ferðaþjónustunni hf. (Arctic Air Tours Ltd.). Af hálfu ferðaskrifstofunnar var gengist við skuldinni og stefnukröfu ekki mótmælt tölulega. Héraðsdómur er byggður á þessari viðurkenningu, og var ferðaskrifstofan dæmd til greiðslu skuldarinnar ásamt vöxtum og málskostnaði. Þessum þætti málsins hefur ekki verið skotið til Hæstaréttar.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt. Kemur þar fram meðal annars, að Arctic-ferðaþjónustan hf. var lýst gjaldþrota með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur 24. nóvember 1997. Í kröfuskrá skiptastjóra er því haldið fram, að ekkert muni fást upp í lýstar kröfur, sem numið hafi 1.717.472 krónum. Aðaláfrýjandi lýsti ekki kröfum í búið og mun hafa talið það þýðingarlaust.

Með skírskotun til raka héraðsdóms ber á það að fallast, að ekki hafi verið sýnt fram á annað en gagnáfrýjandi hafi í viðskiptum sín-

um við aðaláfrýjanda komið fram fyrir hönd Arctic-ferðapjónustunnar hf., og einnig sé ósannað, að hann hafi tekið á sig persónulega ábyrgð á skuldbindingum félagsins gagnvart aðaláfrýjanda.

Aðaláfrýjandi hefur haldið því fram, að Arctic-ferðapjónustan hf. hafi aldrei verið rekin í samræmi við reglur laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Ársreikningar hafi aldrei verið gerðir. Stjórnarfundir og aðalfundir hafi aldrei verið haldnir. Félagið sé gjaldþrota og eignalaust. Gagnáfrýjandi beri sem framkvæmdastjóri ábyrgð á rekstrinum. Eigi hann ekki að geta komist undan ábyrgð með því að skýla sér á bak við félag, sem aldrei hafi verið starfrækt og þar sem allar starfsreglur hlutafélaga hafi verið brotnar. Aðaláfrýjandi heldur því fram, að með þessu hafi gagnáfrýjandi bakað sér tjón, og sé hann ábyrgur fyrir því.

Óumdeilt er, að hlutafélagið Arctic-ferðapjónustan hafi verið stofnað með lögformlegum hætti. Hlutfé nam 5.000.000 króna, og lagði gagnáfrýjandi fram helming þess fjár. Félagið hélt aðeins uppi rekstri í sex vikur, og eru stjórnarmenn sammála um, að þeir hafi haft samráð sín á milli þann tíma, þótt formlegir stjórnarfundir hafi ekki verið haldnir. Starfseminni virðist hafa verið hætt, þegar í ljós kom, að ekki væri grundvöllur fyrir rekstrinum. Þegar til þessa er lítið, verður aðaláfrýjandi ekki talinn hafa sýnt fram á, með hvaða hætti gagnáfrýjandi hafi brotið gegn 134. gr. hlutafélagalaga eða samþykktum hlutafélagsins á þann veg, að það ylli aðaláfrýjanda tjóni, en það er skilyrði bótaábyrgðar samkvæmt þessu ákvæði. Síðari vanræksla á að halda fundi í félaginu og gera ársreikninga getur ekki breytt þessari niðurstöðu.

Þá verður að fallast á það, að aðaláfrýjandi hafi ekki heldur sýnt fram á, að gagnáfrýjandi hafi alveg frá upphafi starfrækslu félagsins mátt gera sér grein fyrir því, að hlutafélagið myndi ekki geta staðið við skuldbindingar sínar. Má í því sambandi meðal annars líta til þess, að hann hætti sannanlega nokkru af eigin fé til rekstrar þess.

Með framansagt í huga verður héraðsdómur staðfestur um kröfur aðaláfrýjanda á hendur gagnáfrýjanda, þar á meðal um málskostnað.

Rétt þykir, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Héraðsdómur skal vera óraskaður, að því er varðar kröfur aðaláfrýjanda, Independent Aviation Group Ltd., á hendur gagnáfrýjanda, Gísla Erni Lárussyni.

Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda 250.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 20. desember 1996.

Mál þetta, sem dómtekið var 25. nóvember sl., er höfðað með stefnu, þingfestri 16. janúar 1996, af Independent Aviation Group Ltd., Bolney Place, Cowfold Road, Bolney, Heywards Heath, West Sussex RH17 SQT, Englandi, á hendur Gísla Erni Lárussyni, Víkurströnd 1, Seltjarnarnesi, og Arctic-ferðaþjónustunni hf., kt. 680895-2289, Reykjavík.

Dómkröfur.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu, Gísli Örn Lárusson og Arctic-ferðaþjónustan hf., greiði stefnanda in solidum 103.009,84 ensk pund með dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 31. október 1995 til greiðsludags. Þá er þess krafist, að stefndu greiði stefnanda in solidum málskostnað samkvæmt fram lögðum málskostnaðarreikningi.

Af hálfu stefnda Gísla Arnar Lárussonar eru gerðar þær dómkröfur, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og stefnandi dæmdur til að greiða sér málskostnað að mati dómsins.

Af hálfu stefnda Arctic-ferðaþjónustunnar hf. er í greinargerð gerð krafa um, að stefnukröfur verði stórlega lækkaðar og málskostnaður felldur niður.

Málavextir.

Stefnandi er einkahlutafélag (Private Limited Company) með heimili og varnarþing í Bolney í Vestur-Sussex-héraði í Englandi. Stefnandi kveðst veita flugfélögum og ferðaskrifstofum sérhæfða þjónustu í sambandi við flugvéllarekstur, þ. á m. útvegum á leiguflugvélum, flugrekstrarráðgjöf og miðlun sæta með flugvélum. Auk þess eigi stefnandi og reki nokkrar flugvélar. Stefnandi hafi einkum sérhæft sig í leigu á flugvélum með skömnum fyrirvara, t. d. vegna bilana eða annarra forfalla hjá flugrekstraraðilum. Félag stefnanda hafi verið stofnað árið 1990 og sé skráð í fyrirtækjaskrá Englands með skráningarnúmer 2535246. Velta stefnanda síðastliðið ár hafi numið u. þ. b. 40 milljón enskum pundum.

Stefnandi lýsir málavöxtum svo, að fyrstu kynni forráðamanna stefnanda af stefnda Gísli Erni Lárussyni hafi verið fimmtudaginn 17. ágúst 1995, er hann hafi haft símleiðis samband við Andy Coupland, framkvæmdastjóra stefnanda, og átt við hann ýtarlegt samtal. Eftir símtalið hafi hann hitt að

máli annan starfsmann stefnanda, Guy Minnis. Hafi stefndi Gísli Örn sagt við þá báða, að hann væri kominn til Lundúna fyrir hönd sjóðs, er hétu Activa, og styddi sá sjóður við bakið á flugfélagi að nafni Emerald. Kvað stefndi Gísli Örn fyrrverandi stjórnendum Emerald hafa verið mjög mislagðar hendur við reksturinn, en nú ætti að koma lagi á hann. Kvaðst hann hafa fullt umboð til að koma fram fyrir hönd sjóðsins. Stjórnendum Emerald væri einnig kunnugt um, að hann ætti þessi samtöl við fulltrúa stefnanda. Stefndi Gísli Örn hefði einnig látið þess getið, að sjálfur væri hann í góðum efnum, og með því vakið traust hjá þessum starfsmönnum stefnanda.

Stefndi Gísli Örn hafi sagst eiga við þau vandkvæði að etja, að daginn eftir, þ. e. föstudaginn 18. ágúst, væri áætlað flug á vegum Emerald á flugleiðinni London-Keflavík-London. Hins vegar vantaði flugvél, og því hefði hann spurt, hvort stefnandi gæti hlaupið þar undir bagga. Stefnandi hafi brugðist skjótt við og útvegað flugvél þegar í stað.

Næstu vikur hafi stefnandi útvegað stefnda Gísla Erni flugvélar til að halda uppi flugi milli London og Keflavíkur tvisvar í viku, þ. e. á þriðjudögum og föstudögum. Hafi fyrsta flugið á þessu tímabili verið þriðjudaginn 22. ágúst og hið síðasta 5. september. Hafi þetta alls verið fimm ferðir. Á sama tíma hafi farið fram viðræður milli stefnanda og stefnda Gísla Arnar um framtíðarsamstarf til lengri tíma, en af stefnanda hálfu hafi aldrei komið til greina að taka þátt í áhættunni við það að starfrækja flugið til og frá Íslandi. Stefnanda skildist í upphafi, að markmið stefnda Gísla Arnar með þessum viðskiptum væri að koma ferðaskrifstofurekstri Emerald úr erfiðleikum til að bjarga þar með eigin fjárfestingu í því félagi, en orðspor þess hafi verið neikvætt hjá flugrekstraraðilum á Bretlandseyjum. Í kringum mánaðamótin ágúst-september hafi stefndi Gísli Örn óskað eftir því, að reikningar yrðu framvegis stílaðir á Arctic Air Tours. Samkvæmt tilkynningu til Hlutfélagaskrár sé enskt heiti Arctic-ferðaþjónustunnar hf., sem sé hinn aðalstefndi í málinu, Arctic Air Tours Ltd. Traust það, sem stefnandi bar til stefnda Gísla Arnar, hafi verið slíkt á þessum tíma, að það vakti ekki tortryggni hjá stefnanda, að í stað Emerald kæmi Arctic Air Tours, enda hafi stefnandi verið í þeirri góðu trú, að stefndi Gísli Örn stæði við orð sín og efndi þær skuldbindingar, sem hann hefði stofnað til. Stefnandi hafi fyrst heyrt getið um stefnda Arctic Air Tours, er sú beiðni kom fram hjá stefnda Gísla Erni, að reikningar yrðu stílaðir á það félag. Samkvæmt vottorði Hlutfélagaskrár eru samþykktir Arctic-ferðaþjónustunnar hf. dagsettar 23. ágúst 1995.

Um þessi áðurnefndu mánaðamót hafi stefndi Gísli Örn komið með íslenska fréttamenn á skrifstofu stefnanda og látið taka viðtöl við Andy

Coupland, framkvæmdastjóra stefnanda, og myndir af sjálfum sér með honum. Í öllum þeim viðtölum, sem fram fóru, hafi því verið haldið fram af hálfu stefnanda, að stefndi Gísli Örn hefði komið að máli við fyrirtækið og sóst eftir langtímasamstarfi. Þar sem hugmyndafræði stefnda Gísla Arnar og stefnanda, að því er varðar flugrekstur, virtist fara vel saman, hafi verið vel tekið í að taka upp samstarf við hann. Að beiðni stefnda Gísla Arnar hafi Andy Coupland skrifað upp á áformabréf (letter of intent) föstudaginn 1. september, þar sem með mjög óljósu orðalagi hafi verið kveðið á um, að aðilar, þ. e. stefnandi og hið stefnda félag, Arctic-ferðaþjónusta hf., hygðust setja á laggirnar starfsemi í ferðaþjónustu, þar sem báðir aðilar yrðu eignaraðilar. Stefndi Gísli Örn hafi á hinn bóginn haldið því fram í íslenskum fjölmiðlum, að tekist hefði meiri háttar samkomulag við stefnanda, sem tryggði reglulegt flug frá 1. október 1995 milli Keflavíkur og London á tilteknu lágu fargjaldi og að IAG væri að koma inn í rekstur Arctic-ferðaþjónustunnar hf. sem hluthafi.

Þann tíma, sem viðskipti stefnanda við hina íslensku aðila stóðu, hafi það ætíð verið stefndi Gísli Örn, sem kom fram gagnvart stefnanda, og báru starfsmenn stefnanda fullt traust til hans. Hins vegar hafi menn iðulega verið að semja um verð og kjör vegna leigu á flugvélum fram á allra síðustu stundu. Megi segja, að stefnandi hafi teygt sig eins langt og mögulegt var í því efni, enda hafi komið á daginn, að þær greiðslur, sem sendar voru, dugðu hvergi nærri fyrir umsömdum kostnaði. Hafi stefnda Gísla Erni verið haldið upplýstum um það verð, sem náðist fyrir hverja ferð, og þáði hann sumt verð, en hafnaði öðru. Ef hann hafnaði verði, hafi verið reynt að fá aðra flugvél eða reynt að semja við eigandann um betra verð.

Á tímabilinu frá föstudeginum 25. ágúst 1995 til föstudagsins 8. september 1995, á réttum tveimur vikum, hafi myndast sá halli á reikningi stefndu, sem enn hafi ekki verið jafnaður, samtals 103.009,84 ensk pund. Á þessu tímabili hafi verið flogið fimm sinnum á milli London og Keflavíkur, stundum með viðkomu á annarri eða báðum leiðum í Belfast á Norður-Írlandi.

Það hafi verið eftir flugið 5. september, að forráðamenn stefnanda áttuðu sig á því, í hvert öfni var komið, að innstreymi greiðslna var ekki í samræmi við þann kostnað, sem til hafði verið stofnað af hálfu stefnda Gísla Arnar. Hinn 7. og 8. september hafi farið fram löng símtöl við stefnda Gísla Örn, sem lyktaði með munnlegu samkomulagi um leigu á flugvél 8. september og framhald samstarfs að því tilskildu, að skuldin, sem þá hafði safnast upp, yrði gerð upp eða fyrir henni settar nægar tryggingar. Til að staðfesta þetta samkomulag hafi stefnandi ritað stefnda Gísla Erni símbréf, dagsett 11. september. Sé þar veittur frestur til 31. október til að standa í skilum

með skuldina, sem safnast hafði upp, og boðuð koma fulltrúa stefnanda innan viku til Íslands til að taka við fullnægjandi tryggingum úr hendi stefndu. Jafnframt komi skýrt fram sá skilningur stefnanda í 3. lið bréfsins, að hann hafi ekki að neinu leyti tekið á sig áhættu á árangri leiguflugsins. Bréf þetta sé fullgildur samningur milli aðila, því að stefndi Gísli Örn hafi endursent bréfið undirritað.

Í símbréfi stefnda Gísla Arnar, dags. 14. september, sem fylgt hafi hinu undirritaða samkomulagi, fari hann þess á leit að fá tveggja vikna frest til að setja tryggingar fyrir efndum og nefnir örðugleika vegna þessa, að segja hafi upp þeim starfsmanni ferðaskrifstofunnar, sem sá um bókhaldið. Hann taki jafnframt fram í þessu bréfi, að hann hafi þegar fallist á að setja trygginguna, og því sé lýst yfir í niðurlagi bréfsins, að hann beri fullt traust til stefnanda sem og að hann vonist til, að allir hagnist á þessum viðskiptum, þegar upp verði staðið.

Orðalag símbréfs stefnda Gísla Arnar frá 14. september hafi þó að einu leyti verið óljóst að mati stefnanda. Hafi stefnandi séð ástæðu til að fá úr því skorið, hvað stefndi Gísli Örn ætti við, er hann virtist gefa í skyn, að fullnægjandi tryggingar fyrir efnd skuldarinnar yrðu ekki settar, nema fjárhagsstaða Arctic-ferðaþjónustunnar leyfði það. Hafi stefnandi sent stefnda Gísla Erni símbréf, dagsett 19. september, þar sem hann lýsi yfir áhyggjum sínum vegna þessa orðavals og ítrekar sinn skilning á ábyrgðinni á hinni samsöfnuðu skuld, þ. e., að stefndi Gísli Örn beri sjálfur persónulega ábyrgð á efndum hennar. Í símbréfinu vísi stefnandi til fundar, sem haldinn hafi verið á skrifstofu hans og muni hafa verið 7. september, en þennan fund hafi stjórnarmenn setið og helstu forráðamenn stefnanda. Á fundi þessum hafi stefndi Gísli Örn sérstaklega verið inntur eftir því, hvort hans afstaða væri sú, að greiðslur til stefnanda væru háðar fjárhagslegri afkomu leiguflugsins. Hafi stefndi Gísli Örn svarað því til, að svo væri ekki, og jafnframt staðfest, að hann myndi persónulega ábyrgjast greiðslu skuldarinnar. Hafi stefnandi vitnað um þennan skilning og um fleiri atriði í símbréfinu 19. september, og jafnframt hafi þess verið getið, að skuldin stæði á þeim degi í 106.570,17 enskum pundum, sbr. yfirlit, sem fylgdi bréfinu. Þessu bréfi hafi stefndi Gísli Örn látið ósvarað, þótt viðskiptin héldu áfram, og líti stefnandi svo á, að þar með hafi hann fallist á þennan skilning á réttarsambandi aðila.

Á meðan þessu vatt fram, hafi flug á vegum stefndu haldið áfram, enda hafi verið greitt fyrir það jafnóðum og stefnandi í þeirri aðstöðu, að hann óttaðist, að ekki yrði gengið frá hinni samsöfnuðu skuld, ef flugið félli niður af hans völdum. Hafi sem fyrr verið flogið á þriðjudögum og föstudögum. En skyndilega hafi stefndi Gísli Örn lýst yfir, að ekki yrði flogið meira, og

gagnvart stefnanda hafi hann borið við skæðri samkeppni frá Flugleiðum hf. Síðasta ferð hafi verið 3. október 1995. Þá höfðu verið flognar alls fjórtán ferðir til og frá Íslandi og nam heildarvelta viðskiptanna alls 314.219,14 enskum pundum. Innborgun á skuldina nemi 211.209,30 enskum pundum, greidd á tímabilinu 18. ágúst til 31. október 1995. Það hafi síðan verið 26. október sl., að fundurinn, sem upphaflega stóð til að halda um miðjan september, en frestað var vegna tilmæla Gísla Arnar, hafi verið haldinn á skrifstofu lögmanns stefndu. Þar hafi verið af hálfu stefnanda áðurnefndir Andy Coupland og Guy Minnis auk lögmannna. Stefndi Gísli Örn hafi og sótt fundinn ásamt tveimur stjórnarmönnum í Arctic-ferðaþjónustunni hf. og lögmanni. Ekki hafi tekist að ganga frá málinu þar, og nú hafi borið svo við, að stefndi Gísli Örn hafi talið fráleitt, að hann bæri persónulega ábyrgð á viðskiptunum.

Sem fyrr sagði, hafi minni háttar greiðslur haldið áfram að berast til 31. október sl., og að því loknu hafi hin óuppgerða skuld numið 103.009,84 enskum pundum. Sú skuld sé enn ógreidd þrátt fyrir ítrekaðar áskoranir. Sjái stefnandi sig því knúinn til að höfða mál þetta. Kröfufjárhæð í stefnu skýrist af skuld þeirri, sem stofnaðist á reikningi stefndu hjá stefnanda á tímabilinu frá 18. ágúst 1995 til 31. október 1995, sbr. fram lagt reikningsyfirlit.

Stefndi Gísli Örn lýsir málavöxtum svo, að um miðjan ágústmánuð 1995 hafi forsvarsmenn Activa hf. leitað til sín og óskað eftir því við sig, að hann færi á vegum þeirra til London ásamt Stefáni Ásgrímssyni, starfsmanni Emerald Air (N.I.) Ltd. Tilgangur fararinnar hafi verið að leysa vandamál varðandi Emerald Air (N.I.) Ltd. en það félag hafi haft með höndum flug á milli Íslands og Bretlands. Activa hf. hafi verið stór hluthafi í Emerald Air (N.I.) Ltd.

Emerald Air (N.I.) Ltd. hafi tekið á leigu flugvél til farþegaflutninga, en í ljós hafi komið, að ekki fengist leyfi til að nota vélina í flugi milli Bretlands og Íslands, nema á henni yrðu gerðar gagngerar breytingar. Hafi félagið þá staðið uppi flugvélarlaust, en farseðlar höfðu verið seldir í ferðir á vegum félagsins fram á haust. Í London hafi þeir Gísli Örn og Stefán Ásgrímsson hitt Kristin Sigtryggsson, framkvæmdastjóra Emerald Air (N.I.) Ltd. Hafi verið ákveðið að reyna að ná samningum við stefnanda um leigu á flugvél til að annast farþegaflutninga, þar til vél Emerald Air fullnægði skilyrðum yfirvalda. Hafi Gísli Örn og Stefán samið í umboði Emerald Air (N.I.) Ltd. við stefnanda um leigu á flugvél og stefnanda verið það ljóst, að stefndi Gísli Örn kom fram fyrir hönd Emerald Air (N.I.) Ltd., enda hafi reikningur vegna flugsins verið stílaður á það félag.

Forsvarsmenn Activa hf. hafi lýst yfir ánægju sinni með störf Gísla Arnar og Stefáns Ásgrímssonar.

Næstu daga hafi komið í ljós, að Emerald Air (N.I.) Ltd. gat ekki stund-að áframhaldandi flug. Hafi Gísli Örn Lárusson og Allrahanda hf. þá ákveðið að stofna flugfélag, sem ræki ferðaskrifstofu og tæki við flugi á vegum Emerald Air (N.I.) Ltd. á milli Bretlands og Íslands. Samningur hafi verið gerður milli Emerald Air (N.I.) Ltd. og væntanlegra hluthafa, og sé hann á dskj. nr. 26. Arctic-ferðaþjónustan hf. (Arctic Air Tours Ltd.) hafi verið stofnuð sama dag og síðan skráð í Hlutafélagaskrá og þá tekið við skuldbindingum, sem stofnendur höfðu gert fyrir hönd hins óskráða félags.

Arctic-ferðaþjónustan hf. hafi samið við stefnanda um flug á milli Íslands og Bretlands, og hafi verið flogið tvisvar í viku. Eftir þetta hafi reikningar stefnanda verið stílaðir á Arctic Air Tours. Í stefnu sé sagt, að það hafi ekki vakið tortryggni hjá stefnanda, þótt í stað Emerald kæmi Arctic Air Tours, enda stefnandi verið í þeirri góðu trú, að stefndi Gísli Örn stæði við orð sín og efndi þær skuldbindingar, sem hann hefði stofnað til. Gísli Örn Lárusson mótmælir því, að hann hafi gefið í skyn, að hann ábyrgðist persónulega þær skuldbindingar, sem til var stofnað gagnvart stefnanda. Þá hafi stefnandi jafnframt lýst yfir áhuga sínum á að gerast hluthafi í hinu nýja félagi, og gat honum því ekki dulist, við hvern hann var að semja.

Í byrjun hafi stefnandi veitt greiðslufrest á leigufluginu, en venja sé í viðskiptum sem þessum, að flugvél fari ekki í loftið, nema trygging hafi áður verið sett fyrir leigugreiðslum. Þessi greiðslufrestur hafi verið veittur vegna þess, að stefnandi hafi haft í hyggju að ganga inn í félagið og viljað aðstoða það í byrjun með fyrirgreiðslu.

11. september 1995 hafi stefnandi ritað stefnda bréf, og virðist stefnandi leggja þann skilning í undirritun stefnda Gísla Arnar á bréfið, að hann hafi persónulega tekið á sig ábyrgð á öllum skuldbindingum gagnvart stefnanda. Þetta sé alrangt, þar sem bréfið sé stílað á Arctic Air Tours og Gísli Örn staðfesti réttmæti efnis bréfsins fyrir hönd Arctic Air Tours. Í undirritun hans felist því engin persónuleg skuldbinding. Í bréfi þessu komi fram vilji Arctic Air Tours til þess að útvega tryggingar til handa stefnanda vegna úti-standandi skuldar. Því sé mótmælt, að bréf þetta sé fullgildur samningur að-ila á milli, eins og haldið sé fram í stefnu. Þá verði jafnframt að skoða undirritun stefnda Gísla Arnar í ljósi bréfs hans frá 14. september, sem sent hafi verið stefnanda, um leið og bréfið 11. september 1995 hafi verið endur-sent, undirritað f. h. Arctic Air Tours.

Fullyrðingum stefnanda um, að Gísli Örn hafi lýst yfir, að hann tæki á sig persónulega ábyrgð á skuldum Arctic Air Tours, er harðlega mótmælt, en

jafnframt væri slík eftir á gefin ábyrgð ógild með vísan til 33. gr. og 36. gr. laga nr. 7/1936, sbr. 3. og 6. gr. laga nr. 11/1986. Það hafi verið stefnandi, sem tók áhættu í viðskiptum, og honum hafi verið kunnugt um áhættuna í upphafi. Viðskiptareikningur hafi verið á nafni Emerald Air og Arctic Air Tours, en ekki á nafni stefnda Gísla Arnar, enda sé á því byggt í stefnu, að til skuldarinnar hafi verið stofnað í nafni Arctic Air Tours Ltd.

Stefnandi hafi sent Arctic Air Tours samninga, sem óskað var, að yrðu undirritaðir vegna leiguflugsins. Hafi þeir samningar verið þannig úr garði gerðir, að Arctic Air Tours var samningsaðili, og ekkert hafi verið nefnt, að ábyrgðir kæmu til.

Málsástæður stefnanda og lagarök.

Í fyrsta lagi reisir stefnandi kröfur sínar á því, að hið stefnda félag, Arctic-ferðaþjónustan hf., hafi með samningum um alls tólf ferðir milli Íslands og Bretlandseyja á því tímabili, er í málavöxtum greinir, stofnað til skuldar við stefnanda, sem hafi ekki enn verið greidd. Stefnufjárhæð sé hin óuppgerða skuld samkvæmt viðskiptareikningi stefndu hjá stefnanda. Umkrafið endurgjald fyrir þá þjónustu, sem látin hafi verið í té, hafi verið umsamið milli aðila og verði að teljast sanngjarnt. Stefndu hafi legið mikið á að fá þjónustuna innta af hendi og hafi verið að semja um einstök atriði, t. d. um verð, fram á síðustu stundu í tengslum við hvert einstakt flug. Af þeirri ástæðu hafi skuldin safnast upp á mjög skömmum tíma. Er á því byggt, að til skuldarinnar hafi verið stofnað í nafni félagsins. Stefndi Gísli Örn, sem annast hafi samningagerðina fyrir hönd stefnda Arctic-ferðaþjónustunnar hf., hafi haft til þess umboð sem framkvæmdastjóri, og félagið hafi tekið við skuldbindingum, sem hann hafi til stofnað, áður en félagið var tilkynnt til skráningar. Að svo miklu leyti, sem skuldin á viðskiptareikningi stefnda Arctic-ferðaþjónustunnar hf. kunni að stafa frá viðskiptum frá því fyrir stofnun félagsins, beri það einnig ábyrgð á þeim grunni, að það hafi gengið inn í viðskiptasambandið, sem fyrir var, án fyrirvara um uppgjör eldri skuldbindinga.

Kröfur á hendur stefnda Gísla Erni Lárussyni eru aðallega reistar á því, að hann hafi gagnvart stefnanda marglýst yfir, að hann ábyrgðist persónulega fullar efndir skulda stefnda Arctic-ferðaþjónustunnar hf., og jafngildi það sjálfskuldarábyrgðaryfirlýsingu frá hans hendi. Engar formkröfur séu gerðar til ábyrgðarskuldbindinga af þessu tagi, og hafi stefnandi treyst því, að Gísli Örn tæki á sig ábyrgð persónulega. Jafnframt er á því byggt, að þessi stefndi hafi komið fram gagnvart stefnanda sem einstaklingur. Hann hafi átt frumkvæði að viðskiptunum, staðið sjálfur í samningaumleitunum

um einstakar ferðir og vakið með framkomu sinni það traust, að stefnandi taldi sig ekki þurfa að hafa áhyggjur af framgangi mála. Stefndi Gísli Örn hafi kynnt sig sem bjargvætt Activa hf., en hafi síðan óskað eftir, að reikningar yrðu færðir á nafn hins stefnda félags Arctic Air Tours, sem stefnandi hafi fyrst heyrt getið um 1. september 1995 og ekki vitað annað en um einkafélag hans væri að ræða. Þessi óreiða eða óvissa eigi að leiða til ábyrgðar á hendur hinum stefnda einstaklingi, enda hafi stofnun Arctic-ferðaþjónustunnar hf. aðallega verið til málamynda, til að stefndi Gísli Örn gæti skýlt sér bak við það félag. Enn fremur sé vakin athygli á því, að heitið Arctic Air Tours gefi ekki í skyn, að um takmarkaða ábyrgð sé að ræða. Takmörkun ábyrgðar sé undantekning, og verði það að koma skýrt fram í heiti félaga og samskiptum öllum, eigi ábyrgðin að vera takmörkuð. Sú staðreynd, að greiðslur inn á viðskiptaskuld stefndu hafi borist að hluta beint frá stefnda Gísla Erni, hafi jafnframt gefið stefnanda tilefni til að ætla, að hann væri persónulega ábyrgur.

Í öðru lagi styður stefnandi kröfu sína á hendur stefnda Gísla Erni við skaðabótareglu 134. gr. hlutafélagalaga nr. 2/1995. Stefndi hafi sem stofnandi, stjórnarmaður og framkvæmdastjóri valdið þriðja manni tjóni, þ. e. stefnanda, með saknæmri háttsemi. Hafi áætlanir hans um rekstur félagsins verið stórkostlega gáleysislegar og óraunhæfar þann tíma, sem flugrekstur félagsins stóð yfir. Hafi hann mátt vita, að skuldbindingarnar yrðu ekki efndar af hálfu félagsins. Hann hafi því af skeytingarleysi stefnt hagsmunum stefnanda í voða. Á sama tíma komi hann fram gagnvart stefnanda eins og allt léki í lyndi og látið fjölmiðla taka viðtöl við forsvarsmenn stefnanda.

Þá beri stefndi Gísli Örn einnig persónulega ábyrgð á greiðslu skuldarinnar, hafi hann farið út fyrir umboð sitt sem framkvæmdastjóri félagsins.

Í þriðja lagi vísar stefnandi til sakarreglunnar, en stefndi Gísli Örn hafi valdið stefnanda tjóni með saknæmri og ólögmætri háttsemi, þar sem hann hafi, er hann fékk stefnanda til viðskiptanna, vitað eða mátt vita, að Arctic-ferðaþjónustan hf. myndi ekki standa við skuldbindingar sínar.

Í fjórða lagi er því fram haldið, að samkvæmt enskum samningarétti beri hið stefnda félag ábyrgð á greiðslu skuldarinnar, hafi framkvæmdastjóri þess á annað borð heimild samkvæmt íslenskum lögum og samþykktum félagsins til þess að skuldbinda félagið. Þá sé stefndi Gísli Örn einnig bundinn að enskum samningarétti á grundvelli yfirlýsinga sinna um persónulega ábyrgð. Stefndi Gísli Örn beri einnig ábyrgð að enskum rétti utan samninga á grundvelli rangfærslureglunnar (misrepresentation), enda leiði líkleg ógjaldfærni félagsins til slíkrar niðurstöðu.

Stefnandi hafi ríka ástæðu til þess að sækja málið jafnframt á hendur

stefnda Gísla Erni, þar sem sú staðreynd, að rekstur stefnda Arctic-ferðaþjónustunnar hf. liggi nú niðri, vekir ugg um ógjaldfærni félagsins.

Um lagarök vísar stefnandi einkum til meginreglna samninga- og kröfuréttar um skuldbindingargildi samninga, 134. gr. hlutafélagalaga nr. 2/1995, 1. mgr. 25. gr. samningalaga nr. 7/1936 og sakarreglunnar og varðandi málskostnað til XXI. kafla laga um meðferð einkamála nr. 91/1991. Um vaxta-kröfu er vísað til III. kafla vaxtalaga nr. 85/1987. Þá er til vara vísað til ensks (common law) samningaréttar og rangfærslureglunnar í enskum rétti.

Málsástæður stefnda Gísla Arnar og lagarök.

Stefndi Gísli Örn kveður málsástæður og lagarök stefnanda um ábyrgð stefnda Gísla Arnar með þeim hætti, að með ólíkindum sé. Því sé haldið fram, að hann hafi lýst yfir, að hann ábyrgðist persónulega fullar efndir skulda stefnda Arctic-ferðaþjónustunnar hf., og jafngildi það sjálfskuldarábyrgð frá hans hendi. Þá sé því haldið fram, að hann hafi vakið slíkt traust hjá stefnanda, að stefnandi hafi ekki talið sig þurfa að hafa nokkrar áhyggjur af framgangi mála. Sé hér um rakalaugar fullyrðingar að ræða, og er þeim algerlega mótmælt.

Þá sé því haldið fram, að stefnandi hafi ekki vitað annað en um einkafyrirtæki stefnda Gísla Arnar væri að ræða og að stofnun Arctic-ferðaþjónustunnar hf. hafi einungis verið til málamynda, til að stefndi Gísli Örn gæti skýlt sér á bak við það félag. Stefnandi eigi að vita það vel, að flugrekstur og rekstur ferðaskrifstofu sé áhættusamur atvinnurekstur og að sjaldgæft sé, að aðilar reki slík fyrirtæki sem einkafyrirtæki með ótakmarkaðri ábyrgð. Þá hafi stefnandi vitað, að hann var að semja við hlutafélag, og hafi komið fram viljayfirlýsing af hans hálfu um að gerast hluthafi í félaginu. Honum hafi því ætíð verið ljóst eða mátt vera ljóst, að hann var að semja við félag, þar sem eigendur þess báru enga ábyrgð á skuldbindingum nema með hlutafé sínu. Beri því að sýkna stefnda Gísla Örn af kröfum stefnanda.

Stefnandi byggi ábyrgð stefnda Gísla Arnar jafnframt á skaðabótareglu 134. gr. laga um hlutafélög nr. 2/1995. Hann hafi hins vegar ekki sýnt fram á, með hvaða hætti stefndi Gísli Örn hafi brotið gegn samþykktum Arctic-ferðaþjónustunnar hf. eða gegn hlutafélagalögum, en það sé skilyrði ábyrgðar gagnvart hluthöfum, félaginu eða þriðja manni, að slíkt brot hafi verið framin. Þá sé því mótmælt, að Gísli Örn hafi farið út fyrir umboð sitt sem framkvæmdastjóri félagsins. Hann hafi haft fullt umboð til þess að gera ráðstafanir um rekstur félagsins, og í raun hafi hann engar ákvarðanir tekið nema í samráði við stjórn félagsins. Beri því að sýkna stefnda Gísla Örn af kröfum stefnanda.

Í þriðja lagi reisi stefnandi kröfur sínar á því, að stefndi Gísli Örn hafi bakað honum tjón með saknæmri og ólögmætri háttsemi, þar sem hann hafi vitað eða mátt vita, að Arctic-ferðaþjónustan hf. gæti ekki staðið við skuld-bindingar sínar. Ekki sé málsástæða þessi studd frekari rökum og ekki neinum gögnum. Það hafi að sjálfsögðu verið ætlun Gísla Arnar og annarra hluthafa að reyna að hagnast á rekstrinum og ekki staðið til að reka félagið með tapi; verði ábyrgð hans ekki reist á rökum sem þessum, og sé krafist sýknu af þeim. Gísli Örn hafi og bakað sjálfum sér tjón með slíkri háttsemi, þar sem hann hafi lagt verulegt hlutafé í félagið.

Í fjórða lagi byggir stefnandi kröfur sínar á reglum í enskum rétti. Er því eindregið mótmælt, að enskar réttarfarsreglur eigi við á Íslandi, og jafnframt er til þess vísað af hálfu stefnda, að enda þótt engar slíkar reglur ættu við, bæri hann samt sem áður enga ábyrgð.

Þar sem kröfur stefnanda á hendur stefnda Gísla Erni Lárussyni séu frá-leitar, beri að sýkna stefnda og dæma stefnanda til þess að greiða honum riflegan málskostnað með vísan til 130. gr. og 131. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991.

Málsástæður stefnda Arctic-ferðaþjónustunnar hf.

Af hálfu stefnda Arctic-ferðaþjónustunnar hf. er viðurkennt, að stefndi standi í skuld við stefnanda, og við munnlegan flutning málsins var lýst yfir því, að ekki væri lengur gerður ágreiningur um kröfufjárhæð.

Niðurstaða.

Fram hefur komið, að það er stefna hjá fyrirtæki stefnanda að láta greiða fyrir fram fyrir leigu á flugvélum eða leggja fram tryggingar fyrir greiðslu. Sú staðreynd, að Arctic-ferðaþjónustan hf. fékk leigða vél án þess að greiða fyrir fram, kveða forsvarsmenn stefnanda hafa stafað af stjórnunarlegum mistökum innan fyrirtækisins, en af hálfu stefnda hefur því verið haldið fram, að stefnandi hafi veitt greiðslufrest á leigugreiðslum, þar sem forsvarsmenn stefnanda hafi haft í hyggju að ganga inn í félagið Arctic-ferðaþjónustuna hf. og í byrjun viljað aðstoða hið stefnda félag með fyrirgreiðslu. Þrátt fyrir viðræður málsaðila um hugsanlegt samstarf þykir ekki gegn andmælum stefnanda sýnt fram á í málinu af hálfu stefndu, að nokkur bindandi samningur hafi verið gerður þar að lútandi eða að stefnandi hafi haft í hyggju að gerast hluthafi í hinu stefnda félagi eða að þær fjárhæðir, sem hið stefnda félag skuldaði stefnanda, ættu að renna til félagsins sem greiðsla upp í hlutafé.

Af hálfu stefnda Arctic-ferðaþjónustunnar hf. er viðurkennt, að félagið

standi í skuld við stefnanda, og er stefnukröfu ekki lengur mótmælt tölulega. Með hliðsjón af framansögðu verða kröfur stefnanda á hendur stefnda Arctic-ferðaþjónustunni hf. því teknar til greina að öllu leyti.

Eins og að framan greinir, heldur stefnandi því fram, að stefndi Gísli Örn Lárusson beri persónulega ábyrgð á skuld Arctic-ferðaþjónustunnar hf. Hann hafi lýst yfir, að hann ábyrgðist persónulega fullar efndir skulda Arctic-ferðaþjónustunnar hf. Hafi hann komið fram gagnvart stefnanda sem einstaklingur og vakið með framkomu sinni það traust, að stefnandi þyrfti ekki að hafa áhyggjur af framgangi mála. Af hálfu stefnda Gísla Arnar er þessum fullyrðingum mótmælt.

Fram er komið, að um það bil 5. september 1995 gerðu forsvarsmenn stefnanda sér ljóst, að skuld væri orðin vegna viðskipta málsaðila. Var stefndi Gísli Örn þá boðaður til fundar við forsvarsmenn og stjórnarmenn stefnanda.

Andy Coupland, framkvæmdastjóri stefnanda, bar fyrir dómi, að á þessum fundi, sem verið hefði fjölmennur, hefði sú staðreynd verið lögð fyrir stefnda, að hann skuldaði stefnanda verulega fjárhæð, og hafi svo vírst sem það kæmi honum ekki á óvart. Hann hefði svarað því til, að fyrirtækið ætti miklar útistandandi skuldir, sem yrðu sendar stefnanda, um leið og þær bærust. Kvaðst Andy Coupland hafa minnt hann á þær yfirlýsingar, sem hann hefði haft um ábyrgð sína og stöðu, er hann ræddi fyrst við forsvarsmenn stefnanda, og jafnframt lýst því fyrir stefnda, að hann liti á þetta sem persónulega skuld. Stefndi hafi lýst yfir því, að hann væri sjálfur auðugur maður. Kvað Andy Coupland fjármálastjóra stefnanda hafa beðið stefnda að setja fram persónulega ábyrgð, og hefði svarið verið, að auðvitað yrði það gert, en það gæti tekið nokkurn tíma. Aðspurður um það, hvers vegna hann hefði ekki beðið Gísla Örn að gefa þessa yfirlýsingu skriflega, svaraði Andy Coupland því til, að þeir hefðu verið í erfiðri aðstöðu. Þótt hughreystandi hefði verið að heyra stefnda bera fram persónulega ábyrgð á skuldbindingunum, hefði sér verið ljóst, að fljótlegasta leiðin væri, að viðskiptin héldu áfram og að skuldarnar, sem stefndi ætti útistandandi, rynnu til stefnanda. Yfirlýsingar stefnda um góða fjárhagsstöðu sína hefði vírst eiga við um eignir, sem ekki væru lausafjármunir, og hann ætti þar greiðslur í vandum. Hann hefði óttast, að ef sett yrði fyrir stefnda tilboð með mjög litlum fyrirvara, myndi hann hætta öllum viðskiptum í einni svipan. Eftirleitunum um persónulega ábyrgð hefði verið haldið áfram með bréfaskriftum, en þeir hafi ekki fengið fullnægjandi svar.

Í framburði Guy Minnis, fyrrum sölufulltrúa stefnanda, kom fram, að Gísli Örn hefði á umræddum fundi lýst því fyrir stjórninni, að hann væri

efnamaður, og hefði vitnið skilið það svo, að hann væri að taka á sig persónulega ábyrgð.

Hamish Manson, framkvæmdastjóri hjá stefnanda, bar fyrir dómi, að á þessum fundi hefðu stjórnarmenn lýst áhyggjum sínum fyrir Gísla Erni og að slík staða gæti ekki varað áfram. Gísli hefði virst skilja áhyggjur þeirra, og þrátt fyrir stöðu Arctic Air myndi hann persónulega standa við skuldbindingar Arctic við stefnanda. Taldi hann Gísla Örn skilja fullkomlega, hvað vakti fyrir forsvarsmönnum stefnanda. Aðspurður um það, með hvaða hætti Gísli Örn hefði lýst yfir, að hann myndi taka á sig persónulega ábyrgð, bar Hamish Manson, að Gísli Örn hefði gefið í skyn, að hann ætti eignir, sem myndu verða tiltækar á einhverjum tíma.

Fyrir liggur, að stefndi Gísli Örn tókst aldrei á hendur persónulega ábyrgð á skuldbindingum Arctic-ferðaþjónustunnar hf. gagnvart stefnanda með skriflegri yfirlýsingu. Þegar virtur er framburður þriggja framangreindra aðila, sem allir tengjast fyrirtæki stefnanda á einhvern hátt, þykir sýnt, að forsvarsmenn stefnanda hafi ekki litið svo á, þegar umræddur fundur var haldinn, að stefndi Gísli Örn hefði þá þegar tekið á sig persónulega ábyrgð á skuldbindingum Arctic-ferðaþjónustunnar hf., þar sem á fundinum var falast eftir persónulegri ábyrgð hans, enda styðja fram lögð gögn fullyrðingar stefnda Gísla Arnar um, að hann hafi í viðræðum sínum við forsvarsmenn stefnanda komið fram fyrir hönd Arctic-ferðaþjónustunnar, þar sem reikningar, reikningsyfirlit og bréf eru stíluð á félagið, en ekki á Gísla Örn persónulega.

Ekki þykir unnt að líta svo á, að stefndi Gísli Örn hafi á umræddum fundi tekist á hendur persónulega ábyrgð á skuld Arctic-ferðaþjónustunnar hf., enda þótt hann hafi áamálgað, að slík ábyrgð kynni að koma til greina. Þá verður ekki ráðið af bréfaskiptum málsaðila eftir fundinn, að Gísli Örn hafi gefið slíka ótvíræða yfirlýsingu um persónulega ábyrgð, að á verði byggt í máli þessu. Ber því að hafna þessari málsástæðu stefnanda.

Þá reisir stefnandi kröfur sínar á skaðabótareglu 134. gr. hlutafélagalaga nr. 2/1995. Stefnandi hefur ekki sýnt fram á, með hvaða hætti stefndi Gísli Örn hefur brotið gegn ákvæðum hlutafélagalaga eða gegn samþykktum Arctic-ferðaþjónustunnar hf., sem er skilyrði bótaábyrgðar samkvæmt þessu ákvæði.

Þá hefur stefnandi ekki sýnt fram á, að stefndi hafi með saknæmri og ólögmati háttsemi valdið stefnanda tjóni, en fullyrðingar stefnanda um, að stefndi hafi vitað eða mátt vita, að Arctic-ferðaþjónustan hf. myndi ekki standa við skuldbindingar sínar, eru með öllu órökstuddar.

Stefnandi heldur því einnig fram, að stefndi beri ábyrgð samkvæmt ensk-

um samningarétti á grundvelli yfirlýsinga sinna um persónulega ábyrgð, en eins og að framan greinir, þykir ekki sýnt fram á, að stefndi Gísli Örn hafi gefið bindandi yfirlýsingar um persónulega ábyrgð sína. Sú málsástæða, að stefndi beri bótaábyrgð samkvæmt enskum rétti utan samninga á grundvelli rangfærslureglunnar, er órökstudd.

Ber samkvæmt framansögðu að sýkna stefnda Gísla Örn Lárusson af kröfum stefnanda í máli þessu.

Samkvæmt þessari niðurstöðu ber stefnda Arctic-ferðaþjónustunni hf. að greiða stefnanda 800.000 kr. í málskostnað, og er þá ekki tekið tillit til virðisaukaskatts.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður milli stefnanda og stefnda Gísla Arnar Lárussonar falli niður.

Kristjana Jónsdóttir héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndi Arctic-ferðaþjónustan hf. greiði stefnanda, Independent Aviation Group Ltd., 103.009,84 ensk pund með dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 31. október 1995 til greiðsludags og 800.000 kr. í málskostnað.

Stefndi, Gísli Örn Lárusson, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Independent Aviation Group Ltd., í máli þessu.

Málskostnaður milli stefnanda og stefnda Gísla Arnar Lárussonar fellur niður.
